

Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 3 starfsárið 2016 – 2017

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 23. febrúar 2017, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Einar Már Sigurðarson, Eyjólfur Sigurðsson, Gunnlaugur Stefánsson, Lárus Heiðarsson, Vilhjálmur Jónsson og Jakob Sigurðsson. Þorbjörg Sandholt sat fundinn á síma. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Samgönguáætlun 2015-2018. Gestir: Hreinn Haraldsson vegamálastjóri (á síma) og Sveinn Sveinsson, Vegagerðin Austurlandi. Þá sátu fundinn undir þessum lið Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnastjóri svæðisskipulags Austurlands og Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA.
 - a) Staða verkefna (viðhald, þjónusta, nýframkvæmdir). Staðan ekki mjög glæsileg, þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt framsýna samgönguáætlun með mörgum nýjum verkefnum á liðnu vori. Fjármögnun áætlunarinnar er hins vegar ekki í samræmi við verkefnin. Kostnaður við verkefni á árinu 2017 er 38-39 milljarðar kr. 2017 en á fjárlögum er gert ráð fyrir 23 milljarðar, við þá var í meðförum þingsins bætt 4,5 milljarði króna, allt í allt er framlag ríkisins því 28,5 milljarðar kr. Það vantar því 10 milljarða kr. svo hægt sé að fylgja eftir samgönguáætlun. 8 milljarðar fara í viðhald vegakerfisins sem er mjög mikilvægt því frá hruni hefur allt viðhald verið í lágmarki sem hefur sérstaklega komið niður á malarvegum. Alþingi ákvað að tryggja í fjárlagafrumvarpi að hægt yrði að hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng. Sama gildir um Vestmannaeyjaferju. Viðbótarfjármagn við upphaflegt fjárlagafrumvarp fer því í þessa þrjá liði; viðhald, Dýrafjarðargöng og Vestmannaeyjaferju. Óbreyttar tölur eru í vetrarþjónustu og sumarþjónustu en snjóléttur vetur til þessa hjálpar til. Það sem út af stendur eru nýframkvæmdir og vegamálastjóra hefur ekki tekist að fá það staðfest frá ráðherra í hvaða verkefni eigi að ráðast á árinu. Það gildir um Austurland eins og aðra landshluta. Ekki er ljóst hvenær þessi ákvörðun mun liggja fyrir, vonandi þó sem allra fyrst, því fyrr er ekki hægt að byrja á útboðum og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Norðfjarðargöng, Dýrafjarðargöng og Bakki taka til sín umtalsvert framkvæmdafé auk þess sem ráðherra hefur greint frá því að farið verði í gerð mislægra gatnamóta á Krýsuvíkurvegi. Því miður stefnir í að framkvæmdir við Berufjarðarbotn verði úti á þessu ári. GS taldi þessar fréttir mikið reiðarslag fyrir Austurland og raunar landið allt. Hann sagði þetta koma á óvart í ljósi orða vegamálastjóra á fundi samgöngunefndar SSA fyrir ári síðan. HH sagði brýnt að beina þessari gagnrýni til ráðherra og



þings, það væri ekki Vegagerðin sem ákveddi fjármagn til samgönguáætlunar og hvaða verkefni færu í framkvæmd. SB rifjaði upp orð þingmanna frá fundum í kjördæmaviku um að það hefði verið ábyrgðarhluti af þinginu að samþykka samgönguáætlun á liðnum vetri þegar ljóst hefði verið að erfitt yrði að fjármagna hana. Brýnt væri að sveitarstjórnarmenn og landshlutasamtökin þrýstu á ráðherra um þær bráðnauðsynlegu framkvæmdir sem biðu í landshlutanum. ES spurði um stöðu framkvæmdarinnar við Berufjarðarbotn, vegamálastjóri sagði enn eftir að ganga frá samningum við landeigendur í Hvannabrekku en það hillti undir lok þess. Þegar fjármagnið liggur fyrir, verður hægt að fara í útboð. Þessi framkvæmd væri klárlega ein þeirra sem Vegagerðin teldi forgangsmál. JS spurði um framkvæmdina við Bakka, hvort hún hefði ekki átt að vera fjármögnuð sérstaklega. Það var vilji Vegagerðarinnar að Bakki stæði utan samgönguáætlunar en Alþingi setti framkvæmdina þar undir. Bakki hefði fyrir vikið að líkindum áhrif á aðrar framkvæmdir. GS spurði hvort það væri réttur skilningur að í tvö ár hefði ekkert fé runnið til nýframkvæmda á Austurlandi, af u.þ.b. 18 milljörðum. Vegamálastjóri og SS bentu á upphæðir sem runnið hefðu til rannsókna á Fjarðarheiðargöngum. AA spurði um stöðu framkvæmda við Norðfjarðargöng, vegamálastjóri sagði að þær myndu ekki tefjast. Það er hins vegar alveg ljóst að það eru fjölmargar framkvæmdir víða um land sem ekki munu fara af stað. SB spurði um flugvellina. 200 milljónum króna var bætt við í viðhald flugvalla. GS áréttaði erfiða færð um Suðurfirði, bílar færu þar út af í röðum, það væru þar kaflar sem væru hreinlega dauðagildir. Vegamálastjóri sagði slysatíðni eitt af því sem litið væri til þegar úthlutað er fé til viðhalds. Hann ítrekaði að það væru mikil vonbrigði að ráðamenn sæju ekki hagsmunina sem í því fælust að halda uppi öflugum og vönduðum vegakerfi og hversu miklu það gæti skilað til samfélagsins. Samgöngunefnd SSA ítrekar ályktun aðalfundar frá árinu 2016, ekki síst í ljósi þess að nú stefnir í að þriðja árið í röð verði Austurland útundan í nýframkvæmdum:

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 vekur athygli á því að engar nýframkvæmdir hafa átt sér stað á Austurlandi á síðustu tveimur árum og viðhald vega verið í algjöru lágmarki. Fundurinn skorar á Alþingi að stórauka fé til framkvæmda í samgöngumálum, þannig að stefnt verði að því að hlutfall fjárveitinga til málaflokksins verði að lágmarki 2% af vergri landsframleiðslu. Enginn einn málaflokkur er jafn þýðingarmikill fyrir landshlutann, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, atvinnumála, þ.m.t. ferðaþjónusta, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnisstöðu. Ljúka þarf þegar í stað gerð samgönguáætlana og tryggja að við þær verði staðið. Samgöngunefnd SSA skorar á stjórn SSA að beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja eðlilega hlutdeild Austurlands í fjármagni til nýframkvæmda.

- b) Samgönguáætlun Austurlands – kostir og gallar. SSP sagði stuttlega frá hugmyndinni á bak við samgönguáætlun Austurlands. Vegamálastjóri taldi



það klárlega vera til bóta og styðja við aðra áætlanagerð og ákvarðanatöku að fara í vinnu við gerð slíkrar samgönguáætlunar fyrir landshlutann. SS tekur að sér að koma upplýsingum um mat og vægi fjögurra megin þátta í samgönguáætlun til SSP og BB; öryggi, greiðfærni, umhverfi og byggðamál. GS áréttaði þá skoðun sína að brýnt væri að bregðast við því að lítið sem ekkert fjármagn kæmi til nýframkvæmda í landshlutanum nú þriðja árið í röð með öguðum, skipulögðum og föstum hætti. Ræddar leiðir í því samhengi, ekki síst með tilliti til breytts verklags í tengslum við fjármálaáætlun.

c) Forgangsröðun í ályktunum SSA. Farið yfir þetta í samhengi við b-lið.

3. Egilsstaðaflugvöllur sem millilandaflugvöllur. Gestur: María Hjálmaradóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú. Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA sat einnig fundinn undir þessum lið. MH fór yfir stöðuna í þessu verkefni og rakti reynsluna frá fyrra ári. Í tengslum við ákvörðun Discover the World að fljúga til Egilsstaða á liðnu sumri, var unnið markaðsefni sem nýtist áfram auk þess sem fyrirtækið hefur veitt aðgang að sínu tengslaneti í Bretlandi. Viðræður við Easy Jet eru í gangi núna, fulltrúar þess fyrirtækis munu að líkindum koma hingað með haustinu til að kynna sér áfangastaðinn, einkum með vetrarflug í huga. Egilsstaðir eru varaflugvöllur fyrir Easy Jet og það er ánægja með völlinn. MH sagði frá flugþróunarsjóði og hugmyndum um að markaðssetja hann frekar, t.a.m. búið að festa lénið routesupport.is, kynningu hefur verið mjög ábótavant til þessa. Í sjóðnum er einnig verið að skoða ýmis hagsmunamál, s.s. eldsneytisverð og regluumhverfið. Fyrir hönd Austurlands, sitja í stjórn sjóðsins Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar og Dýrunn Pála Skaftadóttir, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð. MH greindi frá fundi með Flugfélagi Íslands um áfangastaðinn Austurland og hugmyndir heimamanna um flug um Egilsstaðaflugvöll. Framundan er fundur með Wow air svipaðs eðlis. Sömuleiðis hefur heilmikið verið unnið hvað varðar eflingu innanlandsflugs sem almenningssamgangna (s.s. skoska leiðin). Vinna við uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands hefur veitt landshlutanum mikinn meðbyr sem mun án efa nýtast vel við að ná til erlendra ferðaskrifstofa og flugaðila. Í bígerð eru boðsferðir með haustinu fyrir aðila í vöruþróun, í framhaldinu verður boðið upp á námskeið/kynningu á Austurlandi á netinu. Á sama tíma er unnið að því að byggja upp gæði þjónustu og hæfni starfsfólks í ferðaþjónustu á Austurlandi. Áfangastaðavinnan er að mælast ákaflega vel fyrir hjá erlendum aðilum og flug/verkefni Discover the World hefur ekki dregið úr þeim áhuga. Það er samstarf á milli Austurlands og Norðurlands, bæði í tengslum við flugþróunarsjóð og almennt um Egilsstaði og Akureyri sem aðrar gáttir inn til Íslands. Sömuleiðis er náð samstarf við Isavia sem er í forsvari fyrir flugvellina á Egilsstöðum og Akureyri á sýningum erlendis. Framundan er opnun nýrrar heimasíðu um Austurland fyrir bæði íbúa og ferðamenn í tengslum við verkefnið um áfangastaðinn Austurland. GS saknaði þess að framkvæmdastjóri Austurbrúar væri ekki á fundinum, það hefði verið óskað eftir nærveru hennar. Hann taldi mikið sóknarfæri vera á samstarfi við Isavia. GS gagnrýndi kynningu



á flugi Discover the World á liðnu vori, þetta hefði verið leiguflug en ekki áætlunarflug og miklar væntingar vaknað, ekki síst vegna framgöngu og kynningar Austurbrúar á verkefninu. MH sagði þetta hafa verið kynnt rækilega sem leiguflug á áætlun, spurningar um það hefðu komið fram á fundum Discover the World með ferðapjónustuaðilum hér á svæðinu. GS sagði brýnt að læra af mistökum, fólk í ferðapjónustu hefði áhyggjur af því hvaða áhrif á þetta hefði til framtíðar fyrir svæðið. Hagsmunir væru svo gríðarlega miklir. AA minnti á að Austurbrú væri ekki ferðapjónustufyrirtæki, verkefnið væri að efla áfangastaðinn Austurland og þar með talið Egilsstaðaflugvöll sem gátt. MH áréttaði að AB væri í mjög miklu samtali við ferðapjónustuaðila og í raun væri ekki rétt að líta á þessa tilraun Discover the World sem mistök, það hefði þrátt fyrir allt tekist að tryggja 40% nýtingu sem flugfélögum á borð við Easy Jet þætti með ólíkindum af hálfu einnar ferðaskrifstofu. Fram kom að Discover the World hefði staðið fyrir 9 flugferðum á milli London Gatwick og Egilsstaða í stað áætlana um 35 ferðir, fyrirtækið fékk 10 milljónir króna í styrk úr Flugþróunarsjóði en tapið á verkefninu var umtalsvert. SB minnti á að það væru ekki liðin nema rúmlega þrjú ár frá því sveitarfélögin á Austurlandi ákváðu að hefja þessa vegferð og það hefði náðst ótrúlegur árangur á þessum tíma, ekki síst hvað varðar sameiginlega markaðssetningu á Austurlandi. Þetta væri heilmikill frumskógur og miklar hindranir í veginum, verkefnið væri langhlaup og fjármagn í það hefði nýst vel. GS sagði að þetta væru miki vonbrigði í ljósi væntinga Austurbrúar í fyrra sem reyndust óraunsæjar, rifjaði upp varúðarorð sín á undirbúningsstigi verkefnis Discover the World og enn væri hann að því. Mikilvægt að læra af mistökum, fljúga lágt og hafa markvissa áfanga skv. raunhæfri áætlun í nánú samstarfi við Isavia og aðra hagsmunaaðila. MH taldi að slík vinna væri nú þegar í gangi. VJ tók undir orð SB um að svona verkefni væri langhlaup. Hann tók sem dæmi reynsluna af skemmtiferðaskipum og sagði að ekki færi alltaf allt eftir áætlunum. AA taldi að orð GS um að verkefnið væri út og suður væru ekki á rökum reist, það væri unnið eftir áætlun og tók sem dæmi áfangastaðavinnuna, flugþróunarsjóð og fleira. ÞS tók undir orð hennar. MH sagði í lokaorðum sínum að hjá Discover the World teldu menn einkum að ytri áhrif hefðu stýrt útkomunni á liðnu sumri; s.s. 11 áætlunarflug til Keflavíkur, Austurland óþekktur áfangastaður, o.fl. Hún óskaði eftir frekari samræðum og umræðu við samgöngunefndina og GS. ES og JS voru ekki sáttir við þá framsetningu að það hvernig verkefnið hefði gengið fyrir sig á liðnu sumri væri AB að kenna.

4. Reglur um styrki til samgönguleiða. Lagt fram til kynningar.
5. Verkefna- og tímaáætlun samgöngunefndar. Verkefnisstjóra falið að óska eftir áætlunum frá Rarik og Orkufjarskiptum og boða gesti til fundarins. Sömuleiðis að kanna með mögulega fundardaga í apríl og maí.
6. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.40

